

Fundargerð 94. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: Mánudagur 4. desember 2023 klukkan 16:00.

Viðstaddir: Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Gerður B. Sveinsdóttir (á Teams), Gunnar Ásgrímsson (á Teams), Thelma D. Harðardóttir (á Teams), Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Berglind Hólm Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda. Helga Guðmundsdóttir kom undir lið 7 í síma.

Skólameistari setti fyrsta fund nýrrar nefndar og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Kynning á nýjum nefndarmönnum.

Samkvæmt skipunarbréfi ráðherra eru eftirtalin skipuð í skólanefnd FSN: Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, sem er á sínum fyrsta fundi í skólanefnd FSN. Gerður Björk Sveinsdóttir, sviðstjóri fjármála- og stjórnsýsluviðs hjá Vesturbyggð, einnig á sínum fyrsta fundi. Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar sem hefur setið í skólanefnd FSN frá upphafi. Thelma Harðardóttir sem á rætur sínar að rekja til Stykkishólms og Helga Guðmundsdóttir frá Stykkishólmi. Helga hefur setið í skólanefnd áður. Gunnar Ásgrímsson Skagfirðingur og kennaranemi, er varamaður í skólanefnd, Jón Bjarki Jónatansson frá Snæfellsbæ og Ragnar Ragnarsson frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi eru einnig varamenn en aðrir varamenn verða skipaðir síðar. Birta Antonsdóttir frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi er áheyrnarfulltrúi kennara og trúnaðarmaður kennara og Berglind Hólm Guðmundsdóttir, forseti NFSN og er hún frá Tálknafirði.


2. Kosning formanns.

Eftir umræður gaf Björg Ágústsdóttir kost á sér til formanns til eins árs og var það samþykkt samhljóða.

3. Hlutverk skólanefndar

Farið var yfir hlutverk skólanefndar eins og því er lýst í 5. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008:

1. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
2. vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,
3. staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
4. veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
5. vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,
6. vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,



7. vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
8. veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

4. Dagskrá skólanefndarfunda og fundartími ákveðinn.

Á [heimasíðu skólans](#) eru fundargerðir skólanefndar frá upphafi og dagskrá skólanefndarfunda.


Ákveðið var að hafa næsta fund skólanefndar á Teams mánudaginn 22. janúar 2024. Fundarboð verður sent út fljótlega. Fundir í nóvember, janúar og mars verða á Teams en september og maí/júní fundir staðfundir. Skólanefndin lýsti yfir vilja til þess að hafa skólanefndarfund í framhaldsdeildinni á Patreksfirði á fyrri hluta þessa tímabils skólanefndar. Horft verði til þess fundar í maí/júní 2024 eða fyrri hluta september 2024. Ákveðið var að stefna að fundartíma alla jafna á mánudögum klukkan 16:15.

5. & 6. Fjármál.

Fjármálastjóri fékk með leyfi fundarins að sameina dagskrárliði 5 og 6 undir einum lið; fjármál.

Farið var yfir niðurstöðu ársreikninga FSN frá upphafi, 2004-2022:

Ártal	Afkoma árs
2004	-10,994,542
2005	-663,655
2006	3,317,009
2007	2,689,266
2008	-12,678,733
2009	-13,985,838
2010	3,741,820
2011	20,181,885
2012	-960,154
2013	5,231,352
2014	6,005,029
2015	-4,341,012
2016	3,113,110
2017	25,155,216
2018	12,880,929
2019	-9,840,286




2020	-10,858,191
2021	4,588,447
2022	-17,312,908

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2024 og í fyrstu spá um afkomu ársins 2023 var gert ráð fyrir halla upp á 5,7 m.kr. á árinu 2023. Það er búið að millifæra á stofnunina uppbætur vegna námsorlofs haust 2023 og leiðréttingu launa vegna námsorlofs vor 2023 upp á kr. 6.894.659,-. Staðan í dag, 4. desember 2023 er því jákvæð um kr. 1.153.485,-

Vitað er af fyrirhugaðri skerðingu vegna starfsbrautar á haustönn 2023. Þessi skerðing var 3,3 m.kr. á vorönn og er væntanlega svipuð vegna haustannar en vonast er til að uppbætur komi á móti vegna Þ4. Niðurstaða ársins verður væntanlega -2 m.kr. eða +2 m.kr. Það er ekki ljóst um frekari niðurskurð eða uppbætur á þessari stundu.

Þessi viðsnúningur í rekstri er að mestu vegna hagræðingar í stöðu aðstoðarskólameistara sem er í námsleyfi en ekki var ráðið sérstaklega í þá stöðu á skólaárinu 2023-2024. Mannauðsstjóri var skipaður staðgengill skólameistara og starfshlutfall námsráðgjafa var hækkað um 30% til að mæta þeim verkefnum sem út af standa. Það er ljóst að um töluverða hagræðingu fyrir stofnunina er að ræða. Á þessari stundu er ljóst að einn kennari fer úr 60% stöðu niður í 25% stöðu á árinu 2024 og ekki verður ráðið inn til viðbótar. Ekki var ráðið í stað stuðningsfulltrúa á starfsbraut sem sagði upp starfi á haustönn 2023 enda mjög fáir nemendur nú á starfsbraut.



3. Ársáætlun 2024

Forsíða 1. Yfirlit 3. Launakostnaður 4. Ferðir erlendis 5.1 Fjárfestingar 5.2 Afskrif

Yfirlit um niðurstöður áætlunar

02367 - Fjölbrau... Mánudir samtals


Yfirlit Útkomuspá og sa...

	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting milli ára
0 - Rekstrarniðurstaða	5,741,174	-82,033	-5,823,207
00 - Rekstrarniðurstaða fyrir framlag ríkissj...	350,106,222	348,117,967	-1,988,255
> 14 - Tekjur	-20,350,651	-20,767,545	-416,894
> 5 - Gjöld	370,456,873	368,885,512	-1,571,361
> 501 - Laun (í ársáætlun eru launin só...	285,658,908	282,416,800	-3,242,108
> 502 - Ferðir og fundir	4,339,058	3,800,000	-539,058
> 503 - Rekstrarvörur	1,744,243	1,801,920	57,677
> 504 - Aðkeypt þjónusta	9,076,710	8,592,000	-484,710
> 505 - Húsnæði	66,138,370	68,340,000	2,201,630
> 506 - Bifreiðar og vélar	34,670	36,000	1,330
> 507 - Rekstrarkostnaður	283,016	300,000	16,984
> 508 - Afskrift	3,181,898	3,598,792	416,894
> 7000 - Framlag ríkissjóðs	-344,365,048	-348,200,000	-3,834,952
> 1 - Eignir	4,222,602	5,300,000	1,077,398

Stöðugildi við FSN voru 26,45 á árinu 2020 og hefur verið unnið að hagræðingu við stofnunina í nokkurn tíma. Stöðugildi á árinu 2022 voru 23,74 og á árinu 2023 voru þau 23,3. Ekki er gert ráð fyrir fækkun starfsmanna á árinu 2024 nema breyting eins kennara úr 60% í 25% á árinu 2024, sem er að ósk kennarans. Fjöldi starfsmanna er 31, þar af 12 karlar og 19 konur og er ekki gert ráð fyrir breytingu á árinu 2024.

Stærstu áhættuþættir í rekstrarumhverfi ríkisrekkinna framhaldsskóla eru langtímaveikindi starfsmanna.

Ferða- og dvalarkostnaður árið 2023 við Fjölbrautaskóla Snæfellinga er að mestu tilkominn vegna ferða nemenda í framhaldsdeildinni, en skv. þágildandi samkomulagi bar FSN allan ferðakostnað nemenda. Það tókst ekki að breyta þessu samkomulagi fyrir árið 2023 en það var gert ráð fyrir því við síðustu áætlun og er því ferðakostnaður um 1,5 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í áætlun. Samkomulag við sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum vegna þessara ferða er í höfn og á árinu 2024 er gert ráð fyrir niðurskurði á ferða- og dvalarkostnaði við FSN. Annar ferða- og dvalarkostnaður við Fjölbrautaskóla Snæfellinga er tilkominn vegna ferða kennara í framhaldsdeildina á Patreksfirði en bókun 2 á að mæta þeim kostnaði. Einnig er ferða- og dvalarkostnaður vegna skíðaferðar en tekjur koma á móti þeim ferðakostnaði. Reynt er að halda



ferðakostnaði í lágmarki og fundir á TEAMS teknir fram yfir fundi sem kalla á ferðakostnað þegar hægt er að velja fjarfundi.

7. Forseti nemendafélagsins segir frá því helsta í félagsstarfi nemenda.

Berglind Hólm Guðmundsdóttir, forseti NFSN sagði frá félagsstarfi nemenda. Núna er jólavika í FSN og í dag er jólanáttfatadagur. Á morgun er jólabingó NFSN sem er fjáröflun fyrir nemendur. Nýnemaball var haldið í upphafi annar og var ágætlega sótt. Fjölbrautaskóli Snæfellinga hélt West Side fyrir nemendur en West Side er samstarf milli nemenda, stýrt af nemendafélagunum í framhaldsskólunum á Vesturlandi, FSN, MB í Borgarnesi og FVA á Akranesi. FSN hélt grunnskólaball fyrir alla nemendur í grunnskólum á Snæfellsnesi og var það stærsta fjáröflun nemendafélagsins á þessari önn. Þátttaka nemenda á viðburðum nemendafélagsins hefur verið ágæt en nemendur mættu vera fleiri.

8. Skólameistari fer yfir það sem hefur verið efst á baugi á haustönn 2023 og hvernig framtíð skólans lítur út.

Nemendafjöldi haustið 2023 er 189 nemendur, fjarnemendur eru 97 og staðnemendur eru 92. Nýnemar haustið 2023 eru 27, sem er 56,25% nemenda af upptökusvæðinu.

FSN fékk í haust viðurkenningu sem UNESCO skóli.

Allir kennarar við FSN eru með kennsluréttindi og er lítil hreyfing á starfsfólki við stofnunina. Aðstoðarskólameistari er í námsleyfi.

Unnið er að innleiðingu farsældarlaga við FSN og stýrir Agnes Helga námsráðgjafi þeirri vinnu.

Grundarfjarðarbær leigir aðstöðu fyrir mötuneyti í FSN og eldar þar fyrir Grunnskóla Grundarfjarðar. FSN kaupir matarskammta af Grundarfjarðarbæ.

FSN er að skipta um úttektaraðila vegna jafnlaunavottunar.

Starfsmenn FSN fóru til Helsinki í október 2022 og hlutu fræðslu og þjálfun í því að innleiða jákvæðni inn í skólasamfélagið (Positive Learning).

Kennarar fara reglulega í framhaldsdeildina á Patreksfirði. Bókun 2 er notuð til þess að fjármagna þessar ferðir og er mikil ánægja með fyrirkomulagið.

FSN tekur þátt í MEMA sem er nýsköpunarhraðall framhaldskólanna.


Stefna skólans er **F S N = Framsækni – Sjálfstæði – Nýsköpun**.

Það er skólahjúkrunarfræðingur með viðtalstíma í FSN, aðra hvora viku.

Skólameistari hvatti fundarfólk til þess að kynna sér heimasíðu skólans, sjálfsmat ofl.

9. Önnur mál.

- Thelma spurði um kostnað eftir brautum í FSN. Kostnaður er misjafn eftir brautum og er starfsbraut dýrust. Mennta- og menningarmálaráðuneyti



hefur unnið að því að kostnaðarmeta brautir og eru niðurstöður væntanlegar.

- Kristinn óskaði eftir frekari upplýsingum um hvað það þýðir að vera UNESCO skóli en FSN er UNESCO skóli og vinnur eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Meginmarkmið UNESCO er að stuðla að friði og öryggi í heiminum með því að efla alþjóðlega samvinnu á sviði menntunar, vísinda og menningarmála. Hér má lesa meira um UNESCO skóla <https://un.is/skolavefur/>
- Fjármálastjóri fór yfir fjölda nemenda á upptökusvæði skólans:


Nemendaspá	10.b	9.b.	8.b.	7.b.	6.b.
Upptökusvæði Þýði nýnema haust	Ártal 2023	Ártal 2024	Ártal 2025	Ártal 2026	Ártal 2027
Stykkishólmur, Grundarfjörður, Snæfellsbær, Lýsuhóll, Vesturbyggð og Tálknafjörður	48	58	64	70	74

- Tuttugu ára afmæli FSN verður haustið 2024. Afmælisnefnd verður skipuð í tölvupósti á næstu vikum. Nefndin verður skipuð fulltrúum úr hópi starfsmanna, nemenda og skólanefndar.
- Við FSN er kenndur SAKA, þverfaglegur áfangi í líffræði og sálfræði þar sem morðmál eru leyst.
- Hvernig vill ný skólanefnd beita sér? Hvaða upplýsingar vantar nýtt skólanefndarfólk?

Thelma Harðardóttir spyr hvar FSN geti markaðssett sig betur og þá með hvaða hætti.

Gerður sagðist vilja sjá eflingu deildarinnar og frekari markaðssetningu á skólanum og deildinni. Gott væri að fá frekari tölulegar upplýsingar um nemendur á upptökusvæðinu og nemendur sem hafa lokið námi. Hún spurði hvort fyrir lægju upplýsingar um hvernig nemendum FSN hefði gengið í áframhaldandi námi og hvort verið væri að skoða það.

Helga talaði um þá nemendur sem hafa farið í iðnnám af svæðinu á undanförunum árum, en mikil ásókn er í iðnnám sem er ekki FSN að kenna. Fjölbrotaskóli Snæfellinga er stærsta byggðamálið á svæðinu.



Kristinn talaði um hversu miklu máli skólinn skiptir fyrir Snæfellsnesið og einnig þau afleiddu störf sem skólinn hefur skapað. Varðandi markaðssetningu á skólanum þarf að gefa í. Af hverju eru nemendur af upptökusvæðinu að leita annað í bóknám. Það þarf að kynna skólann betur. Það hefur fullt af ungu fólki á svæðinu útskrifast úr FSN. Það ætti að hefja markaðssetningu á þeim nemendum sem útskrifuðust úr FSN og sem hefur vegnað vel í lífinu. Það kostar mjög mikið að senda barn í burtu í nám. FSN hefur fullt erindi til þess að vera montinn.

Gunnar bætti við góða kynningu á skólanum og það væri hjartans mál allra skóla að fá nemendur til sín. Hann ætlar að skoða betur það jafnréttismál að nemendur frá Patreksfirði fái akstursstyrk til þess að sækja nám í FSN þrisvar sinnum á önn eða sex sinnum á ári. Gunnar bauð fram aðstoð til þess að reyna að koma þessu sanngirnismáli í gegn. Fjármálastjóri tók að sér að senda honum gögn.

Björg talaði um mikilvægi þess að halda í sérstöðu skólans og hvernig skólanefnd skólans geti stuðlað að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf. Skólinn nýtur velvilja og það þarf að halda því á lofti og halda því áfram. Björg viðraði umræður úr samfélaginu varðandi Teams kennslu á föstudögum. Þjónustukönnun fyrir skólann gæti verið góð leið til þess að fá betri mynd af því hvernig FSN er að þjónusta nemendur.

Það þarf að skoða betur framsetningu á því sem FSN er stolt af eins og myndunum af útskrifuðum nemendum.

Björg Ágústsdóttir, formaður tók mynd af fyrsta fundi skólanefndar.
Fundi slitið klukkan 18:47.